

Fundargerð 46. fundar

skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2022, miðvikudaginn 30. nóvember kl. 10:30 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Halla Björk Reynisdóttir, Sveinn Björnsson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Jón Kjartan Ágústsson og Einar Þorsteinsson.

Að auki sátu fundinn Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Þorgerður M. Þorbjarnardóttir aðstoðamaður sérfræðings í umhverfis- og úrgangsmálum og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Þorgerður María Þorbjarnardóttir og Eygerður Margrétardóttir komu inn á fundinn kl. 11:30

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Rammasamningur um húsnæðismál - 2209007SA**

Rammasamningur um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega sýn í húsnæðismálum var undirritaður í byrjun júlí 2022 milli Sambands Íslenskra sveitarfélaga, innviðaráðuneytis og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um aukið framboð húsnæðis. Fylgiskjal með samkomulaginu er aðgerðaáætlun sem byggð er að stærstum hluta á tillögum átakshóps um aðgerðir í húsnæðismálum, sem skilaði tillögum í maí, í tengslum við endurskoðun svonefndra Lífskjarasamninga.

Til að gera grein fyrir stöðu vinnu á grundvelli rammasamningsins mættu á fundinn Hermann Jónasson, Anna Guðmunda Ingvarsdóttir og Elmar Erlendsson frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Kynntu þau framkvæmd rammasamningsins, þ.á m. viðræður við sveitarfélög um íbúðapörf og uppbyggingaráform, sbr. 4. gr. samningsins. Einnig ræddu þau stöðu aðgerða í viðauka við samninginn og forgangs röðun þeirra.

Fram kom í kynningunni að HMS hefur fundað með 36 sveitarfélögum á undanförunum vikum til að fara yfir íbúðapörf og uppbyggingaráform. Stefnt er að því að ljúka samtali við öll sveitarfélög fyrir áramót. Heilt yfir hafa þessar viðræður gengið vel. Lengst er samtalið komið við Reykjavíkurborg. Nokkuð var rætt um áhrif endurskoðaðs manntals Hagstofu Íslands á mat á íbúðapörf og að þær upplýsingar geti haft neikvæð áhrif á þá vinnu sem nú stendur yfir. Fram kom að það er ein af forsendum rammasamningsins að mat á íbúðapörf er uppfært árlega. Upplýsingar um ofmat á íbúðafjölda séu mikilvægar en það þurfi að greina þær betur og sú vinna standi yfir í samstarfi við Hagfræðistofnun og fleiri aðila. Af hálfu HMS og sambandsins er samt lögð áhersla á að greining á íbúðapörf fer nú fram í allt öðru umhverfi en áður, þar sem nú er unnið með stafrænar upplýsingar úr mannvirkjaskrá um íbúðir í

byggingu og á undirbúningsstigi. Hér sé í raun um algera byltingu að ræða sem geri greiningu á íbúðapörf og endurmat á henni mun nákvæmari en áður var mögulegt.

Einnig var rætt um markmið rammisamningsins um að 5% íbúðauppbýggingar skuli vera félagslegt húsnæði og fleiri atriði sem snúa að því samtali við sveitarfélögin sem nú stendur yfir.

Varðandi aðgerðaáætlun komu fram spurningar og ábendingar sem einkum vörðuðu áformaðar lagabreytingar um að tímabinda uppbyggingarheimildir og að sett verði lög um lóðarleigusamninga. Af hálfu nefndarinnar kom fram vilji til að hraða þessari vinnu eftir því sem kostur er. Einkum var lögð áhersla á að aðgerð D6 um að tímabinda uppbyggingarheimildir sé mikilvæg aðgerð til að sporna gegn lóðabraski og að lóðir bíði jafnvel árum saman án þess að nokkur uppbygging fari fram. Af hálfu HMS og sambandsins kom fram að lagabreytingar eru á forræði innviðaráðuneytis. Vinna við umræddar aðgerðir sé ekki komin af stað en markmiðið er að vinnan gangi eins hratt og kostur er.

2. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 2210012SA

Lagt fram til upplýsinga erindisbréf skipulagsmálanefndar ásamt því að nefndarmenn og starfsmenn kynntu sig. Einnig var lagt fram yfirlit frá sviðsstjóra lögfræðisviðs sambandsins um stöðu helstu mála, dags. 26. nóvember 2022.

Nefndin ræddi, með hliðsjón af minnisblaði um helstu verkefni, hvaða málefni þyrftu að vera til umfjöllunar á næstu fundum nefndarinnar. Fram komu óskir um eftirfarandi málefni:

1. Nánari umræða um verkefni í aðgerðaáætlun rammisamnings um húsnæðisuppbyggingu, einkum liður D6 um að tímabinda uppbyggingarheimildir á grundvelli skipulags
2. Vindorkunýting
3. Styrkjamöguleikar sveitarfélaga til innviðaframkvæmda, s.s. fráveitna
4. Bygging grænnar framtíðar, m.a. um ávinning og kostnað við umhverfissvottun mannvirkja og skipulagsáætlana

Við undirbúning næstu funda verður leitast við að mæta þessum óskum um fundarefni.

3. Breytingar á skipulagslögum - raflínuskipulag - 2009205SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 20. október sl., um frumvarp til breytinga á skipulagslögum (raflínuskipulag), sem nú er lagt fram á Alþingi í þriðja sinn. Einnig er lögð fram til upplýsinga fyrri umsögn sambandsins um sama mál, dags. 1. desember 2020, þegar frumvarpið var lagt fram í fyrsta sinn á Alþingi. Sviðsstjóri greindi frá samtali við umhverfis- og samgöngunefnd um málið og að framundan er annar fundur með framsögumanni málsins og fulltrúum Landsnets þar sem ætlunin er að fara nánar yfir ábendingar við frumvarpið.

4. Stefnuörkun sambandsins 2022-2026 - 2203042SA

Stjórn sambandsins samþykkti stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2023-2026 á fundi sínum 25. nóvember 2022. Stefnumörkunin verður leiðarljós fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins og er markmið að uppfæra reglulega stöðuskjal þar sem fram kemur hvernig miðar við framfylgd stefnunnar.

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar verði miðvikudaginn 18. janúar 2023. Fundurinn verður fjarfundur frá kl. 10:15 til 12:00.

Fundi var slitið kl. 12:15

Halla Björk Reynisdóttir

Sveinn Björnsson

Nanný Anna Guðmundsdóttir

Jón Kjartan Ágústsson

Einar Þorsteinsson